

Greinargerð um áhrif fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Bjólfi við Seyðisfjörð á fugla

Ari Benediktsson hjá Hönnun sendi beiðni til Náttúrustofu Austurlands um mat á hugsanlegum áhrifum snjóflóðavarna í Bjólfi á fuglalíf á framkvæmdatíma og að framkvæmdatíma loknum.

Náttúrustofa Austurlands vann úttekt á fuglalífi við Seyðisfjörð vegna áforma um snjóflóðavarnir í Seyðisfirði árið 1998 (Halldór W. Stefánsson 1998a og b). Þær rannsóknir náðu ekki upp á það svæði sem nú er til skoðunar.

Snjóflóðavarnargarðurinn yrði annað hvort 300 eða 450 m langur á svokallaðri Brún í um 650 m h.y.s. í austanverðum Bjólfi vestan byggðar við Seyðisfjörð. Fyrirhugaður vegslóði að snjóflóðavarnargarði lægi í 380 – 650 m h.y.s. frá þjóðvegi á milli Efri- og Neðri Stafs. Gert er ráð fyrir þremur námum ofan við fyrnefndan vegslóða.

Eins og fyrr segir hafa fuglar á þessu svæði ekki verið skóðaðir sérstaklega. Líklegt verður þó að teljast að fuglalíf sé hér rýrt eins og á öðrum stöðum í þessari hæð. Engar vísbendingar eru um að sjaldgæfir varpfuglar eða fuglar á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands verpi á svæðinu og verður að teljast ólíklegt að svo sé.

Samkvæmt HWS 1998a hefur fálki verpt í Fálkagili og smyrill í Jókugili. Bæði þessi gil eru töluvert neðan við þær framkvæmdir sem hér eru til umfjöllunar og því ólíklegt að þær hefðu áhrif á varp þessara fugla. Í skýrslu HWS kemur einnig fram að hrafn hafi ekki verpt í Bjólfinum.

Ljóst er að mestu áhrifin á fugla sem verpa á svæðinu yrðu á framkvæmdartíma. Milda mætti þau áhrif með því að beina vinnunni á seinni hluta sumars og haust.

Heimildir

Halldór W. Stefánsson 1998a. Fuglalíf við byggð undir Bjólfi í Seyðisfirði. Náttúrustofa Austurlands. Skýrsla.

Halldór W. Stefánsson 1998b. Athugun á fuglalífi í Seyðisfirði vegna efnistöku og vegagerðar vegna snjóflóðavarna í Bjólfi. Náttúrustofa Austurlands. Skýrsla.

Egilsstaðir 19. apríl 2002
Skarphéðinn G. Þórisson